

Nd. **351. Frumvarp til laga** [136. mál]
um samkomudag reglulegs Alþingis 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1954 skal koma saman 9. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði ekki annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1954 koma saman eigi síðar en 15. febrúar. Þar sem sýnt er, að þingi því, er nú situr, verður ekki lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Er lagt til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi laugardaginn 9. október 1954.